Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 9. mars 2021

Tilvísun: 202009046 / 3.9

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Efni: Umsögn um framkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026

Tillaga Skipulagsstofnunar að viðauka við landsskipulagsstefnu hefur nú verið afhent umhverfis- og auðlindaráðherra. Tillagan ásamt umhverfismati var kynnt opinberlega á tímabilinu 13. nóvember 2020 til 8. janúar 2021 og var jafnframt send til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka, sbr. 6. mgr. 11. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsstofnun bárust á fimmta tug umsagna sem hafðar voru til hliðsjónar við lokavinnslu tillögunnar og má nálgast umsagnirnar hér. Stofnunin færir öllum þeim sem sendu umsagnir og athugasemdir þakkir fyrir sitt framlag, en um er að ræða mikilvægan þátt í mótun landsskipulagsstefnu.

Skipulagsstofnun hefur tekið saman umsögn um þær athugasemdir sem stofnuninni bárust við auglýsta tillögu, sbr. 7. mgr. 11. gr. skipulagslaga. Þar er að finna samantekt á helstu efnisatriðum athugasemda ásamt upplýsingum um úrvinnslu Skipulagsstofnunar. Umsögn Skipulagsstofnunar er að finna hér.

Nálgast má tillögu Skipulagsstofnunar að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026 ásamt fylgiskjölum tillögunnar á vefsvæði landsskipulagsstefnu, www.landsskipulag.is.

Hrafnhildur Bragadóttir